

Fundargerð aðalfundar Öldungaráðs Suðurnesja haldinn laugardaginn 26. október 2019 kl. 14:00 á Nesvöllum.

Formaður Jóngeir H. Hlinason setti fundinn

Tillaga var lögð fram um starfsmenn fundarins sem var eftirfarandi:
Fundarstjóri; Kjartan Már Kjartansson bæjarstjóri Reykjanesbæjar
og fundarritari; Sigurbjörg Eiríksdóttir.

Tillagan samþykkt samhljóða.

Jóngeir Hjörvar Hlinason flutti skýrslu formanns:

Ágætu fundarmenn:

Öldungaráð Suðurnesja var stofnað af áhugasömum einstaklingum 2014 eða fyrir rúmum fimm árum, það á að gæta hagsmuna eldri borgara á Suðurnesjum og er bæjarstjórnunum á Suðurnesjum og þeim sem mál eldri borgara varðar til ráðgjafar um þau málefni.

Í samþykktum Öldungaráðs Suðurnesja segir:

„Ráðið skal vera ráðgefandi um framtíðarskipulag öldrunarþjónustu, uppbyggingu hjúkrunarheimila, þjónustu- og öryggisíbúða á Suðurnesjum. Ráðið vinni að samþættingu á þjónustu og áhersla lögð á að efla andlega og líkamlega líðan eldri borgara m.a. með skilvirkri lækniþjónustu, heimahjúkrun, félagslegri heimaþjónustu, dagvistun, iðju og sjúkraþjálfun sem hvetur til líkamsræktar og lífsleikni. Ráðið skal hafa sem víðtækust samráð við samtök aldraðra á Suðurnesjum og aðra þá sem láta málefni þeirra til sín taka. „

Hér var vitnað til samþykktu Öldungaráðs Suðurnesja.

Á starfsárinu hélt stjórnin 10 stjórnarfundum. Ákveðið var á fyrstu fundum stjórnarinnar að bjóða þeim alþingismönnum sem búa á Suðurnesjum að koma á fund stjórnarinnar til skrafs og ráðagerða.

Þessi fundarröð hófst með því að á fund stjórnarinnar 4. febrúar mættu alþingismennirnir Silja Dögg Gunnarsdóttir og Oddný Harðardóttir, þann 4. mars kom Birgir Þórarinsson og þann 1. apríl mætti Ásmundur Friðriksson. Stjórnin kynnti áherslur sínar fyrir þingmönnum og ræddi síðan við þá um þau málefni sem tengjast eldri borgurum og velferð þeirra á Suðurnesjum. Þetta voru afskaplega fróðlegir fundir fyrir okkur í Öldungaráði Suðurnesja og vonandi einnig fyrir þingmennina. Á aprílfundinum með Ásmundi Friðrikssyni bauð hann stjórninni til sín á Alþingi til að kynna áherslur okkar fyrir þingmönnum Suðurlandskjördæmis,

Þann 30. apríl mættum við á fund Ásmundar Friðrikssonar sem fyrst var haldinn á skrifstofu hans og seinna í fundarherbergi í Alþingishúsinu.

Í þessari heimsókn þar hittum við m.a. eftirfarandi alþingismenn Suðurkjördæmis, Vilhjálm Árnason, Oddnýju Harðardóttur, Ara Trausta Guðmundsson og Pál Magnússon.

Að loknum fundinum bauð Ásmundur Friðriksson stjórnarmönnum til hádegisverðar í mötuneyti Alþingis.

Á s.l. vori var skipaður nýr forstjóri hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja Markús Ingólfur Eiríksson. Stjórn Öldungaráðsins heimsótti Markús þann 17. apríl og átti með honum klukkutíma fund. Mat okkar eftir þann fund var að okkur fannst fundurinn fróðlegur og vakti hann hjá okkur vonir um nú væru betri tímar fram undan hjá Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.

Stjórnin sótti fund sem haldinn var á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja 19. ágúst s.l. sem hafði yfirskriftina

Heilbrigðisstefna – stefna fyrir íslenska heilbrigðisþjónustu til ársins 2030

Stefnan var samþykkt samhljóða á Alþingi 3. júní síðastliðinn.

Á fundinum var fjallað um hvað felst í stefnunni, hvaða breytingar hún er líkleg til að hafa í för með sér og hvers vegna hún skiptir svo miklu máli, hvort heldur í þéttbýli eða dreifðari byggðum landsins.

Inngangserindi fundarins fluttu Svandís Svavarsdóttir, heilbrigðisráðherra, Markús Ingólfur Eiríksson forstjóri HSS og Alma D. Möller landlæknir, svo voru pallborðsumræður og frummælendur svöruðu fyrirspurnum. Fundurinn var fróðlegur.

Við höfum starfað opið að okkar málum og sett fundargerðir okkar og fleira efni á Facebook síðu Öldungaráðs Suðurnesja.

Það sem oftast hefur verið rætt á stjórnarfundum er hve lítið fjármagn rennur til HSS, Við erum á þeirri skoðun að eitthvað sé einkennilegt við skiptingu fjármagns til heilbrigðisstofnana í landinu. Vonir voru bundnar við að þetta væri að lagast þegar aukafjárframlag var lagt til HSS við gjaldþrot WOW s.l. vor. En það var skammgóður vermir, því þegar fjárlagafrumvarpið fyrir 2020 var lagt fram kom þar fram að engan veginn er lagt fram nægilegt fé til HSS til að það haldi í fólksfjölgun á Reykjanesi.

Það þýðir að róa þarf öllum árum við að fá meira fjármagn til heilsugæslu og sjúkrahússtarfsemi.

Við höfum oft sagt að það sé vitlaust gefið, og svo sannarlega er enn þá vitlaust gefið hér í fjárframlögum til heilsugæslu á Suðurnesjum.

Að lokum þetta:

Í stjórn Öldungaráðs Suðurnesja voru auk mín eftirtaldir:

Sigurður Jónsson FEBS, Suðurnesjabæ.

Magnús S. Magnússon bæjarfulltrúi, Suðurnesjabæ.

Þórdís E. Kristinsdóttir félagsráðgjafi Reykjanesbæ.

Eyjólfur Eysteinnsson FEBS varaformaður Öldungaráðs Suðurnesja Reykjanesbæ.

Sigurbjörg Jónsdóttir FEBS Sveitarfélaginu Vogar.

Ásta Björk Eiríksdóttir formaður Styrktarfélags Heilbrigðisstofnunnar Suðurnesja Reykjanesbæ.

Sigurbjörg Eiríksdóttir FEBS Suðurnesjabæ Varamaður.

Stefnt var að því að kjósa sem jafnast fulltrúa í

Öldungaráð Suðurnesja milli sveitarfélaga og fulltrúa FEBS og milli kynja sem eru í Öldungaráði Suðurnesja.

Jafnt var milli fulltrúa Félags eldri borgara á Suðurnesjum og fulltrúa sveitarfélaga, ásamt fulltrúa styrktarfélags HSS á Suðurnesjum í Öldungaráði Suðurnesja, fjórir fulltrúar.

Jafnt var á milli karla og kvenna í Öldungaráði Suðurnesja, fjórir fulltrúar.

Hlutverki Öldungaráðs Suðurnesja sem nú fer inn á sitt sjötta starfsár er alls ekki lokið.

Ég vil að lokum þakka frábært samstarf í samhentri stjórn Öldungaráðs Suðurnesja á liðnu starfsári. Það hefur ekki verið mikið mál að vera í forsvari fyrir þennan góða hóp.

Ég er þess fullviss að sú umræða sem Öldungaráð Suðurnesja kemur af stað skilar árangri.

Bestu þakkir mínar fyrir ánægjulegt samstarf kæru vinir.

Og munið hvað við höfum oft sagt:

„Dropinn holar steininn“. Baráttan heldur áfram.

Eigið góðan dag.

Formaður upplýsti að í sjóði félagsins væru kr. 251.729.-

Úr samþykktum Öldungaráðs Suðurnesja

„Öldungaráð Suðurnesja gætir hagsmuna eldri borgara á Suðurnesjum og er bæjarstjórnunum á Suðurnesjum og þeim sem mál þeirra varða til ráðgjafar um þau málefni. Ráðið skal vera ráðgefandi um framtíðarskipulag öldrunarþjónustu, uppbyggingu hjúkrunarheimila, þjónustu- og öryggisíbúða á Suðurnesjum. Ráðið vinni að samþættingu á þjónustu og áhersla lögð á að efla andlega og líkamlega líðan eldri borgara m.a. með skilvirkri lækniþjónustu, heimahjúkrun, félagslegri heimþjónustu, dagvistun, iðju og sjúkraþjálfun sem hvetur til líkamsræktar og lífsleikni.“

Formaður fór yfir stöðumat Öldungaráðs Suðurnesja í október 2019 Heilbrigðisþjónustu við Suðurnesjabúa hefur farið aftur frá því sem áður var.

Efla sjúkradeildina: Að gefnu tilefni : Stefna ber að því að endurreisa sjúkradeild (skurðeild) HSS í framtíðinn en nú eru sjúklingar fluttir til Reykjavíkur til aðgerðar sem áður var hægt að sinna á sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ. Fjölga verður hjúkrunarfræðingum og sérfræðilæknum við sjúkrahúsið.

Efla fæðingardeildina: Að gefnu tilefni : Stefna ber að því að nýta betur fæðingardeildina. Miklar breytingar hafa orðið á rekstri fæðingardeildar sjúkrahússins. Fæðingum hefur fækkað frá því sem áður var en þær voru yfir 200 fyrir árið 2004 en eru nú um 100 á seinni árum. Til þess að skapa fæðandi konum og barni aukið öryggi verður fæðingalæknir, svæfingalæknir og skurðlæknir að starfa við sjúkrahúsið.

Efla slysamóttökuna: Nauðsynlegt er að bæta bráða og slysamóttöku við sjúkrahúsið og styrkja sérstaklega vegna fjölgunar íbúa á Suðurnesjum og aukinnar umferðar á Keflavíkurflugvelli.

Efla heilsugæsluna: Tilmæli landlæknis: Fjölga læknum og ráðnir verði heimilislæknar á heilsugæslustöðina og fjölga verður hjúkrunarfræðingum. Bæta verður viðveru lækna og móttöku þeirra á sjúklingum að deginum.

Efla heilsugæsluna: Auka verður þjónustuna frá því sem nú er við íbúa í Suðurnesjabæ og Vogum með viðverðu heimilislækna og hjúkrunarfræðinga í heimabyggð. Íbúum fjölga mikið á Suðurnesjum og því eðlilegt að auka þjónustuna enda var í upphafi gert ráð fyrir að þjónusta heilsugæslu væri skipulögð víðar en í Reykjanesbæ.

Jákvætt: Ákveðið er að byggja nýtt 60 rúma hjúkrunarheimili á Nesvöllum í Reykjanesbæ. Hjúkrunarrýmum fjölga þá um 30 á Suðurnesjum en Hlévangur verður lagður niður. Hugsa verður til framtíðar því að enn fjölga íbúum á Suðurnesjum.

Jákvætt: Samþætting á þjónustu við heimahjúkrun og félagslegrar heimilishjálpar er hafin.

Jákvætt: Bæjarstjórar á Suðurnesja hafa undirritað Lýðheilsuvísa fyrir Suðurnes og verkefnið er farið af stað.

Að lokum þetta: Fjárlög fyrir 2020 gera ekki ráð fyrir auknu á fjármagni til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og mikið vantar á að fjárframlög ríkisins til heilbrigðismála á Suðurnesjum jafnist á við framlög til annarra heilbrigðisumdæma á Íslandi eins og nýleg skýrsla bæjarstjórnar Reykjanesbæjar sýnir. **Það hefur verið vitlaust gefið**

Kosningar:

Samkvæmt 3. grein Samþykktá Öldungaráðs Suðurnesja skal kjósa 7 manna stjórn og einn til vara. Formann skal kjósa sérstaklega.

Annaðhvort ár verði fulltrúi Reykjanesbæjar kosinn formaður en formennsku er skipt álega á milli sveitarfélaga sem eru í Öldungaráði.

Tillaga að stjórn Öldungaráðs Suðurnesja 2019 til 2020 var lögð fram.

Formaður Eyjólfur Eysteinnsson Reykjanesbæ

Varaformaður Sigurður Jónsson Suðurnesjabæ

Gjaldkeri Jóngeir H. Hlinason Sveitarfélaginu Vogar

Ritari Sigurbjörg Eiríksdóttir Suðurnesjabæ

Þórdís Elín Kristinsdóttir Reykjanesbæ

Magnús S. Magnússon Suðurnesjabæ

Sigurbjörg Jónsdóttir Sveitarfélaginu Vogar

Ásta Björk Eiríksdóttir Varamaður Reykjanesbæ

Tillagan var samþykkt samhljóða..

Markús Ingólfur Eiríksson forstjóri Heilbrigðisstofnunar

Suðurnesja HSS flutti næst erindi sem verður hér sett inn í

fundargerðina. (Því miður voru myndirnar ekki sýndar af tæknilegum orsökum, en lesnar upp efnislega)

Framtíð heilsugæslu á Suðurnesjum



Hlutverk mitt sem forstjóri HSS

- Ég er hér til að þjóna íbúum Suðurnesja
- Mitt markmið er að reyna að veita öllum íbúum svæðisins sem besta þjónustu sem hægt er fyrir peninginn sem við fáum
- Fjárframlögin hafa **EKKI** tekið mið af fólksfjölgun á svæðinu
- Vil byggja upp fyrsta flokks og nútímalega heilbrigðisþjónustu



Þróun heilbrigðiskerfisins eftir hrun

- Eftir efnahagshrunið voru fjárframlög til opinberra heilbrigðisstofnana skorin verulega niður – föst fjárframlög
- Verkefni leituðu í einkageirann – kostnaður jókst þar
- Niðurskurður í heilbrigðiskerfinu virkar ekki – aðeins kostnaðartilfærslur!
- Mesti kostnaðurinn fellur til þegar sjúkir fá ekki þjónustu!



Heilsugæsla

- Fólk á ekki að þurfa að vera „kerfisfræðingar“ í heilbrigðiskerfinu
- Fyrsti viðkomustaður fólks í heilbrigðiskerfinu að jafnaði
- Heilsugæslan á að halda utan um málefni skjólstæðinga og vera þeirra umboðsmaður í heilbrigðiskerfinu (heildræn þjónusta)



Heilsuefling – ekki síst aldraðra

- Heilsuefling er framkvæmanleg (sbr. Janusarverkefnið)
- Bjargar fjölda mannlífa og eykur lífsgæði
- Dregur úr miklum kostnaði (sjúkrahús, örorka o.s.frv.)
- Kostar pening núna
- Ein besta fjárfesting sem ríkið getur ráðist í!




Brunnarnir og börnin


- Opinberu heilbrigðisstofnanirnar eru vanfjármagnaðar miðað við þau verkefni sem þær sinna eða ættu að vera að sinna
- Starfsfólk er víða að kikna undan álagi og leitar í önnur störf
- Það veldur enn meira álagi á þá sem eftir eru
- Skortur á starfsfólki og fjármagni veldur því að það eru allir að bjarga börnunum úr brunnunum
- Engar hendur eða peningar eru á lausu til þess að byrgja brunnana




Verkefni Slysa- og bráðamóttöku HSS hafa tvöfaldast á fáum árum



Verkefni Slysa- og bráðamóttöku HSS hafa tvöfaldast á fáum árum



Starfsemistölur heilsugæsla HSS janúar- júlí



Meðalfjöldi samskipta á dag

563 **6,6%**
Breyting frá fyrru ári

Heildarfjöldi þjónustufæga

18.296 **17.855**
Fyrir ári

Meðalfjöldi þjónustufæga á dag

456 **6,2%**
Breyting frá fyrru ári

Sérstaða HSS

- HSS stóð veikum fæti áður en herða tók á fólksfjölguninni
- Fjórðungur skjólstaðinga okkar er með erlent ríkisfang
- Lýðheilsuvísar Embættis landlæknis sýna að hvergi á landinu er meiri þörf fyrir heilsugæsluþjónustu en á Suðurnesjum á hvern íbúa
- Fáliðað starfsfólk hefur gert sitt besta til að halda uppi þjónustunni
- Ungir sérfræðingar og sérnám heimilislækna styrkleiki til framtíðar – góður orðstír þeirra hefur laðið að fleiri lækna!



Heimahjúkrun

- Forgangsmál á minni vakt!
- HSS er í dag með eina öflugustu heimahjúkrun á landinu með öflugum stuðningi lækna
- Efla þarf heimaþjónustuna enn frekar með aðkomu fleiri hópa fagaðila t.d. iðjuþjálfra
- Gera þarf öldruðum kleift að búa heima eins lengi og hægt er



Markmið til að bæta þjónustuna

- Við erum að vinna í að taka upp teymisvinnu í heilsugæslunni í Reykjanesbæ
- Hún mun ein og sér ekki leysa aðgengisvandann en ætti að draga úr honum
- Sum erindi verður hægt að leysa við fagfólk gegnum síma – mikið hagræði
- Brýn erindi munu komast fyrir að
- HSS er í verulegum húsnæðisvanda í dag – hamlandi áhrif



Færa þarf þjónustu heilsugæslunnar nær íbúum svæðisins

- Reisa þyrfti heilsugæslustöðvar í Innri Njarðvík og Suðurnesjabæ
- Bæta þarf aðstöðuna í Vogum og auka þjónustu þar
- Aukin nærþjónusta gagnast ekki síst öldruðum
- Heilsugæslan þarf að vaxa í takt við fjölgun íbúa og þarfa þeirra fyrir grunnheilbrigðisþjónustu



Ræddi hann vanda sjúkrahússins og læknaskortinn. Hann ræddi líka um húsnæði sjúkrahússins sem væri orðið allt of lítið. Reynt væri að gera allt sem hægt væri í sambandi við að gera staðinn viðunandi og framtíðarsýnin væri í aðra átt. Að loknu erindinu fékk Markús spurningar úr sal frá fundargestum, sem hann svaraði.

Eyjólfur Eysteinnsson fór næst yfir aðsenda greinargerð frá Guðnýju Birnu Guðmundsdóttur hjúkrunarfræðings á HSS.

Staðan á HSS í dag er erfið. Stofnunin er eins og þið öll hafið heyrt, verið fjársvelt til fjölda ára. Auk þess er húsnæði löngu sprungið, hjúkrunarfræðingar hafa verið fáliðaðir en þó fer læknum fjölgandi og ber því að fagna. Við fáum meðaumkun og samhygð í orðum sem sýna sig aldrei í verki. Taka skal fram að HSS fær raunlækkun í fjárlögum árið 2020 sem sýnir engan veginn þann einhug í umræðunni um að styrkja hag stofnunarinnar. Bæjarfulltrúar ásamt bæjarstjóra Reykjanesbæjar hafa sett mikla vinnu í gang við að sýna fram á óréttlæti í fjárlögum til HSS eins og til fleiri stofnanna á Suðurnesjum. Þetta ágæta fólk hefur hitt ráðherra, þingmenn og alla þá áhrifavalda sem hafa einhverja aðkomu að málinu með næstum engum árangri. Nýleg forstjóraskipti HSS var beðið eftir með mikilli eftirvæntingu. Núverandi forstjóra var mætt af starfsfólki með bjartsýni og tilhlökkun til bjartari tíma. Nú hefur þó komið í ljós að jú breytingar eru í vændum en hvaða breytingar? Forstjórinn hefur tekið ákvörðun um að loka skurðstofum HSS sem er skiljanleg ákvörðun með tilliti til aldurs búnaðar á deildinni og minnkandi verkefna.

Það sem þó setur ugg í starfsfólk eru sögusagnir um lokun fæðingardeildar og lokun á hvíldar- og endurhæfingarplássi á stofnuninni.

Það ásamt að því virðist herferð að draga úr hjúkrunarstjórnun á heilbrigðisstofnun sem stýrir um það bil 100 hjúkrunarfræðingum, veldur áhyggjum. Verulegur söknuður er eftir fráfarandi framkvæmdastjóra hjúkrunar, Ingibjörgu Steindórsdóttur, en hún sagði upp vegna samskiptaörðuleika við umræddan forstjóra. Ingibjörg hefur barist ötullega fyrir HSS síðan árið 1996. Samskipti starfsfólks sem starfar á gólfinu við framkvæmdastjórn hafa verið engin undanfarnar vikur, starfsfólk er uggandi um störf sín og hefur áhyggjur af stöðunni.

Það að heyra á göngum stofnunarinnar að loka eigi deildum er ófagmannlegt. Það að draga úr mikilvægi hjúkrunar við stofnunina er verulegt áhyggjuefni. Það að heyra útundan sér að forstjórinn stimpli þessar aðstæður sem kerlingarvæl í hjúkkum sem höndla ekki breytingar er ófagmannlegt og hrein lygi.

Að mati okkar starfsfólks á Slysa- og bráðamóttöku HSS höfum við verulegar áhyggjur af stöðunni sem er uppkomin á vinnustaðnum okkar sem var erfiður fyrir.

Nú þegar hafa tveir hjúkrunarfræðingar sagt upp störfum við deildina og margir eru að hugsa sinn gang.

Það hefur nefnilega áhrif hvernig maður stýrir og hvaða afleiðingar það hefur.

Guðný Birna Guðmundsdóttir hjúkrunarfræðingur HSS

Önnur mál.

Spurningar voru margar er varðar SSH og var þeim mest beint til forstjórans Markúsar Spurt var einnig um aðstöðu í hinum sveitarfélögunum.

Rætt var að Alþingi hafi stofnað starfshóp 19.06 2019 sem ætti að vera búin að ljúka störfum 1, des. Það virðist ekki ætla að standast. Oddný Harðardóttir hafði forgöngu um vinnuhóp og var henni þakkað. Margar spurningar komu úr sal og flestar um sama málið erfiðleikana í heilbrigðismálum á Suðurnesjum.

Eyjólfur Eysteinnsson formaður Öldungaráðs Suðurnesja þakkaði traustið sem formaður og sagði síðan:

Sagan sýnir að þegar að við Suðurnesjamenn höfum staðið saman þá höfum við náð fram mörgum góðum málum til eflingar samfélagi okkar sem aukið hefur atvinnu, þjónustu við sjúka og aukinnar menntunar unga fólksins.

Menntun í heimabyggð var eflað með stofnun Fjölbrautarskóla Suðurnesja árið 1974. Sveitarfélögin stóðu að framtakinu í samstarfi við ríkið.

Af mikilli framsýni var virkjað í Svartsengi og Hitaveitu Suðurnesja var komið á með forystu og frumkvæði okkar Suðurnesjamanna í samvinnu við ríkið.

Bylting varð hér þegar að heitu vatn var komið inn á öll heimili frá virkjun okkar í Svartseingi.

Þessi framfaramál náðust fram með samvinnu og samstöðu sveitarstjórna hér á Reykjaneskaganum.

Hafin var bygging Sjúkrahúss Keflavíkurlæknishéraðs að frumkvæði sveitarfélaga á Suðurnesjum á árinu 1954 og heilsugæslu komið á fót árið 1974 til bráðabirgða í leiguhúsnæði.

Árið 1973 var gerð áætlun um uppbyggingu heilbrigðisþjónust á Suðurnesjum í samræmi við lög um umdæmissjúkrahús utan Reykjavíkur og Akureyrar. Yfirlæknir sjúkrahúsins Kristján Sigurðssonar, Sigurður S. Magússon prófessor í kvensjúkdómum, fæðingarlæknir, starfsmenn sjúkrahúsins og stjórn sjúkrahúsins fylgdu málinu eftir en stjórnin var skipuð fulltrúum sveitarfélaga á Suðurnesjum en á þeim tíma sátu í stjórn fulltrúar Sveitarfélagsins Vogar, Grindavík, Hafna, Njarðvík, Keflavík, Garðinum og Sandgerði.

Áætlunin gekk eftir.

Árið 1981 var lokið við fæðingardeild B-álmu sjúkrahússins sem skapaði aukið öryggi barna og verðandi mæðra.

Næst var Heilsugæslustöð C-álma byggð við sjúkráhusið.

Byggingu hennar var lokið árið 1984.

Móttaka lækna var skipulögð í Vogum, Garði, Sandgerði og Reykjanesbæ. Heilsugæslustöð var byggð í Grindavík.

Lokið var að fullu við byggingu D-álmu sjúkrahúsins árið 2004.

Gert var ráð fyrir sjúkradeild (Skurðstofu) á þriðju hæð og 30 rúma legudeild á annari hæð en stoðdeildum á fyrstu hæð.

Þegar þetta er skrifað vantar mikið á að HSS þjóni nú tilgangi sínum sem sjúkrahús eins og áætlað var og lög gerðu ráð fyrir.

Er nú svo komið að það verður að endurreisa sjúkradeild (skurðdeild) HSS í framtíðinn en nú eru sjúklingar fluttir til Reykjavíkur til aðgerðar sem áður var hægt að sinna á sjúkrahúsinu í Reykjanesbæ. Það verður að fjölga hjúkrunarfræðingum og sérfræðilæknum við sjúkráhusið.

Stefna ber að því að nýta betur fæðingardeildina.

Miklar breytingar hafa orðið á rekstri fæðingardeildar sjúkrahússins. Fæðingum hefur fækkað frá því sem áður var en þær voru yfir 200 fyrir árið 2004 en eru nú um 100 á seinni árum. Til þess að skapa fæðandi konum og barni aukið öryggi verður fæðingalæknir, svæfingalæknir og skurðlæknir að starfa við sjúkráhusið.

Nauðsynlegt er að bæta bráða og slysamóttöku við sjúkrahúsið og styrkja sérstaklega vegna fjölgunar íbúa á Suðurnesjum og aukinnar umferðar á Keflavíkurflugvelli.

Fjölga verðu læknum og ráðnir verði heimilislæknar á heilsugæslustöðina og fjölga verður hjúkrunarfræðingum.

Bæta verður viðveru lækna og móttöku þeirra á sjúklingum að deginum.

Auka verður þjónustuna frá því sem nú er við íbúa í Suðurnesbæ og Vogum með viðverðu heimilislækna og hjúkrunarfræðinga í heimabyggð.

Íbúum fjölgar mikið á Suðurnesjum og því eðlilegt að auka þjónustuna enda var í upphafi gert ráð fyrir að þjónusta heilsugæslu væri skipulögð víðar en í Reykjanesbæ.

Sagan sýnir að með framsýni og samtakamátti tókst okkur Suðurnesja mönnum að skapa okkur umhverfi sem gerði líf okkar betra.

Ætlum við að setta okkur við að stjórnvöld leggi niður heilbrigðisþjónustuna á Suðurnesjum eins og hún var skipulögð og byggð upp á Suðurnesjum í samræmi við lög .

Er ekki komið að því að sveitarfélagin hafi meiri afskipti af máefnum sjúkrahúsins?

Enn og aftur erum við sniðgengin hér á Suðurnesjum. Fjárlög fyrir árið 2020 gera ekki ráð fyrir auknu fjármagni til

Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja. Fjárframlög ríkisins til heilbrigðismála á Suðurnesjum jafnist ekki á við framlögum ríkisins til annarra heilbrigðisumdæma.

Það er vitlaust gefið.

Eyjólfur Eysteinnsson formaður Öldungaráðs Suðurnesja.

Formaður þakkaði Kjartani Már Kjartansyni bæjarstjóra Reykjanesbæjar og Sigurbjörgu Eiríksdóttur fundarritara fyrir störf sín og sleit fundi kl.

15.10. Fundargestum var þökkuð komuna en fundurinn var fjölmennur.

Að loknum fundi var boðið til kaffisamsætis og hafði Sigurjón bakari lagt þar fram stóran hluta.

Fleira ekki ritað.

Sigurbjörg Eiríksdóttir.